

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins,
Hamraborg 9, 2. hæð
200 Kópavogur

Reykjavík 19. janúar 2008

**Efni: Athugasemdir við breytingar á svæðisskipulagi
höfuðborgarsvæðisins sbr. auglýsingu**

Íbúasamtök 3. hverfis – Hlíðar, Holt og Norðurmýri vilja gera eftirfarandi athugasemdir við tillögu Kópavogsbæjar að breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og tengdri umhverfisskýrslu er hluti af auglýstri tillögu.

1. Vöktun á athugunum á áhrifum á Hlíðahverfi í Reykjavík

- a. Í skýrslunni er að engu getið um þau áhrif sem stórfelld íbúafjölgun Kársnesi hefði í för með sér varðandi samgöngumynstur og aukningu umferðar á Kringlumýrabraut, Bústaðavegi og Miklubraut í gegnum 3. hverfi Reykjavíkur. Af skýrslunni má ráða að munað geti yfir 10.000 bíla umferð á sólarhring um Kringlumýrabraut, allt eftir því hvaða leið verði valin á Kársnesi. Fyrir þessum breytingum og áhrifum þeirra á þriðja hverfi Reykjavíkur þarf að sjálfsgöðu að gera grein fyrir.
- b. Í skýrslunni er að engu getið um þau áhrif sem framkvæmdir og aukin byggð á Kársnesi geti haft á svifryk í 3. hverfi Reykjavíkur en fyrir er í 3. hverfi mikil svifryksmengun sbr. mælingar Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar. Munur á mælingum á Grensás og í Stakkahlíð sýna að svifryksmengun í Hlíðum er að meðaltali meira en 22% hærra en á Grensás, sem þó er ætlað að sýna hæstu gildin í borginni.
- c. Í skýrslunni er að engu getið um þau áhrif sem fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft á strandlengjuna Reykjavíkurmegin í Fossvoginum og tilheyrandi lífríki og fuglalíf.
- d. Í skýrslunni er að engu getið um þau umhverfisáhrif sem framkvæmdin geti haft á útivistarperlu Reykvíkinga í Öskjuhlíð.
- e. Í skýrslunni er að engu getið um hvað gerist ef Reykjavík, sem einnig á land að Fossvogi ákveði að fylla upp í hinn helming vogsins.
- f. Íbúasamtök 3. hverfis taka að öðru leiti undir athugasemdir Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar við tillögur þær sem liggja fyrir og hvetja borgaryfirvöld að fylgja því fast eftir að farið verði að lögum og reglum í þessu máli á allan hátt og hvergi gefinn afsláttur á því að nauðsynleg vöktun og mælingar verði framkvæmdar áður en samþykkt verði að halda áfram nokkrum framkvæmdum þessu tengdu.

Íbúasamtök 3. hverfis
Hlíðar- Holt og Norðurmýri
Bt. Pálma
Finnbogasonar
Bólstaðahlíð 30
105 Reykjavík
www.hlidar.com
kt. 451205-1880

Virðingarfyllst,
f.h. Íbúasamtaka 3. hverfis – Hlíðar, Holt og Norðurmýri


Hilmar Sigurðsson
formaður

Afrit: Skipulagsstofnun, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur